

Flóahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Þingborg
801 Selfoss

Reykjavík, 17. desember 2024
UST202412-125/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Laugardælur - hverfi; Nýr aðkomuvegur - Flóahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Laugardælur í Flóahreppi.

Í erindinu kemur fram að deiliskipulagið gerir ráð fyrir nýjum aðkomuvegi að Laugardælum en núverandi vegur mun leggjast af á stórum hluta með tilkomu nýrrar brúar yfir Ölfusá. Nýi vegurinn mun tengjast mismögum gatnamótum þar sem núverandi Hringvegur, Austurvegur og nýi Hringvegurinn munu mætast. Núverandi aðkomuvegur mun að hluta til leggjast af og breytast í göngu- og hjólastíg sem mun fara í undirgöng undir nýjan veg.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur